

Alþingi
Erindi nr. P 140/2248
komudagur 8.5.2012

Athugasemd vegna jarðhitasvæðisins við Sveifluháls

Hlín Magnúsdóttir [hlin_m@simnet.is]

Sent: 8. maí 2012 11:54

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ég, Hlín Hjartar Magnúsdóttir (130969-6999), geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælan og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Hlín Hjartar Magnúsdóttir